

186

26. okt.

8. gr.  
Skiptist Búnaðarfélag Svarfdæla í tvö félög, fellur sjóðurinn óskiptur í eign þess félagsins, sem nær yfir fremri hluta Svarfaðardals.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

187

28. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 234 31. desember 1943, um breyting á reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, nr. 222 21. febr. 1939.

Í 2. málslíð 1. mgr. 2. gr. Í stað „kr. 65.00“ komi: kr. 33.00.

Ákvæði þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 104 30. desember 1943, um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

188

25. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar,  
nr. 131 25. júlí 1941.

1. gr.

8. grein reglugerðarinnar verði svo hljóðandi:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með  $2\frac{1}{2}\%$  af fasteignamatsverði húsanna.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða  $5\%$  af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

2. gr.

9. grein verði svo hljóðandi:

Af hverri tunnu grófsaltaðrar síldar greiðist 5 aurar í vatnsgjald.

Af hverri tunnu sérverkaðrar síldar greiðist 10 aurar í vatnsgjald.

Fyrir hverja tunnu af flakaðri síld 25 aurar.

Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 3 aurar.

Af hverri tunnu af söltuðum flökuðum fiski greiðist 10 aurar.

Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskiflökum greiðist 15 aurar.